



YFIRLIT ÁRSINS 2023

Umferðarsvið



Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögunum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða úbyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa segir í fyrstu grein laganna.

Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN	3
YFIRLIT ÁRSINS 2023 - Umferðarsvið.....	3
Tillögur í öryggisátt 2023	5
Áhættumat og öryggisáætlun f. Framhaldsskólann á Laugum.....	5
Umferðaröryggisáætlun sveitarfélaga.....	5
Forvarnir um svefn og þreytu hjá ökumönnum	5
Heildaráætlun um samræmingu vegflokka við vegtegundir	5
Endurskoðun umferðarlaga.....	5
Öryggisúttekt.....	5
Eftirlit með þrýstigeymum.....	5
Áhættumat og öryggisáætlun	5
Betri veðurgögn.....	5
Fræðsla um veðurfræði	6
VETTVANGUR BANASLYSA 2023.....	7
ERLENT SAMSTARF 2023	7

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Árið 2023 urðu mannabreytingar á nefndarmönnum sviðsins en nýr skipunartími hófst í maí 2023. Ásdís J. Rafnar lögfræðingur lét af störfum hjá nefndinni eftir áratuga farsæl nefndarstörf og kunna starfsmenn RNSA henni bestu þakkir fyrir. Einnig lauk Kristín Sigurðardóttir skipunartímatíma sínum í nefndinni og er hennar framlag einnig þakkað. Eftir breytingar unnu eftirfarandi nefndarmenn að skýrslum um banaslys í umferðinni á umferðarsviði RNSA.

- Guðmundur Freyr Úlfarsson, verkfræðingur (aðalmaður, formaður)
- Guðrún Nína Pedersen, veðurfræðingur (aðalmaður)
- Áslaug Árnadóttir hæstaréttarlögmaður (varamaður)
- Guðrún María Svavarsdóttir bráðalæknir (varamaður)

Á umferðarsviði RNSA eru tveir starfsmenn. Rannsóknarstjóri á umferðarsviði árið 2023 fram til apríl mánaðar var Sævar Helgi Lárusson, verkfræðingur. Í apríl tók Helgi Þorkell Kristjánsson rannsakandi við starfi rannsóknarstjóra. Nýr starfmaður hóf svo störf á umferðarsviði, Björgvin Þór Guðnason rannsakandi. Björgvin Þór hefur víðtæka reynslu sem ökokennari og hefur tækniþræðimenntun. Hann var m.a. stjórnandi hjá Frumherja um tíma.


Umferðarslysasvið sinnir útköllum á landsvísu og er sviðið skipulagt með þeim hætti að a.m.k annar starfsmaður þess sé alltaf tiltækur til að sinna útkalli.

YFIRLIT ÁRSINS 2023 - Umferðarsvið

Árið 2023 létust alls átta einstaklingar í átta umferðarslysum. Af þessum átta voru einn óvarinn einstaklingur.


Í sjö slysanna létust farþegar eða ökumenn í ökutækjum. Fjórir útafakstrar, tvær framanákeyrslur, ein hliðarkeyrsla og ein aftanákeyrsla. Einn óvarinn vegfarandi lést.

Þrjú erlendir aðilar létust í umferðinni 2023. Erlendur ferðamaður lést í framanákeyrslu á Snæfellsnesi, og tveir erlendir aðilar búsettir og starfandi á Íslandi létust, annar í útafakstri og hinn í hliðarákeyrslu.




Mynd 1: Fjöldi banaslysa og látinna í umferðarslysum á Íslandi 2014-2023

Á mynd hér að ofan sést þróun banaslysa undanfarin 10 ár. Fjöldi banaslysa undanfarin 5 ár hafa verið færri en árin þar á undan.



Mynd 2: Látnir í umferðarslysum á Íslandi s.l. 5 ár eftir vegfarendahópum.

Ef litið er aftur til ársins 2019 sést að fjölgun hefur orðið á banaslysum fólks í bifreiðum ef undanskilið er árið 2022. Engin einföld skýring er á þessari fjölgun þrátt fyrir auknar framfarir í öryggiskerfum bifreiða sem og umbætur í vegakerfinu. Fækkun hefur orðið á banaslysum í dreifbýli undanfarin ár samfara fækkun banaslysa, en banaslys óvarinna vegfarenda verða helst í þéttbýli. Á gulu súlunni á mynd 2 undir „Annað“ fyrir árið 2021 kemur fram í tölfræðinni fyrsta banaslysið á Íslandi sem tengist rafskútum (rafhlaupahjólum).



Mynd 3: Staðsetning banaslysa.

Árið 2023 voru haldnir 20 fundir hjá umferðarsviði RNSA og var skýrslum um 8 banaslys í umferðinni lokið. Ein skýrsla var birt sem snéri að sprengingu í þrýstikút á bensínstöð en enginn slasaðist við sprenginguna. Birti nefndin alls 11 tillögur í öryggisátt í skýrslunum og 23 ábendingar.

TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT 2023

Áhættumat og öryggisáætlun f. Framhaldsskólann á Laugum

Í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem varð við Framhaldsskólann á Laugum beindi nefndin þeirri tillögu til stjórnenda Framhaldsskólans á Laugum að framkvæma áhættumat og öryggisáætlun fyrir starfsemi skólans.

Umferðaröryggisáætlun sveitarfélaga

Í sömu skýrslu beindi RNSA því til sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar að gera umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið en helstu markmið umferðaröryggisáætlana eru að draga úr fjölda látinna og slasaðra vegfarenda.

Forvarnir um svefn og þreytu hjá öikumönnum

Í skýrslu RNSA um banaslys sem varð Suðurlandsvegi við Kúðafliót beindi til Samgöngustofu leggja áherslu á forvarnir vegna svefns og þreytu öikumanna. Ökumaður bifreiðarinnar í þessu slysi kom til landsins með flugi aðfararnótt 15. júní og slysið varð um miðjan dag þann 16. júní.

Heildaráætlun um samræmingu vegflokka við vegtegundir

Í sömu skýrslu og hér að ofan beindi nefndin þeirri tillögu til Vegagerðarinnar að vinna að heildaráætlun um samræmingu vegflokka við vegtegundir á vegakerfi landsins. Einnig að endurskoða/yfirfara verklag og kostnaðarlíkon við ákvarðanir á gerð slitlags á vegi nr. 1 meðal annars að teknu tilliti til möguleika á fræsun rífla og áhrifa þeirra á umferðaröryggi.

Endurskoðun umferðarlaga

Í skýrslu RNSA um banaslys sem varð á Sæbraut beindi nefndin þeirri tillögu til Innviðaráðuneytis að stuðla að skjótri meðferð lagabreytinga á umferðarlögum sem snúa að bættu öryggi smáfarartækja í umferðinni.

Öryggisúttekt

Í sama slysi og hér að ofan beindi RNSA þeirri tillögu til Reykjavíkurborgar að framkvæma öryggisúttekt á slysstað og vinna þar að úrbótum til að auka umferðaröryggi á hjóla- og göngustígnum við Sæbraut með áherslu á lýsingu.

Eftirlit með þrýstigeymum

Í skýrslu RNSA um sprengingu í þrýstigeymi á bensínstöð beindi nefndin þeirri tillögu til Samgöngustofu að yfirfara skoðunarhandbók ökutækja og verklag á skoðunarstofum við skoðun á þrýstigeymum ökutækja. Jafnframt að upplýsa eigendur slíkra ökutækja um þessa hættu.

Áhættumat og öryggisáætlun

Í skýrslu nefndarinnar um banaslys sem varð á Suðurlandsvegi við Brunná beindi nefndin þeirri tillögu til rekstaraðila vörubifreiðarinnar sem átti í hlut að framkvæma áhættumat og öryggisáætlun fyrir starfsemi fyrirtækisins.

Betri veðurgögn

Í sömu skýrslu um banaslys sem varð á Suðurlandsvegi við Brunná beindi Rannsóknarnefnd samgönguslysa þeirri tillögu til veghaldara að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að setja upp veðurstöð

í grennd við slystað. Fram kom við rannsókn málsins að veðuraðstæður þar geti verið aðrar og mögulega verri en á nærliggjandi veðurstöðvum og telur nefndin að skoða þurfi hvort hægt sé að bæta vegöryggi með því að þétta net veðurstöðva á þessu svæði.

Fræðsla um veðurfræði

RNSA beinir þeirri tillögu til Samgöngustofu að útbúa fræðsluefni fyrir ökumenn um notkun veðurvíðvarana, veðurspáa og annarra veðurgagna.


Verklag við gerð veðurkorta

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir þeirri tillögu til RÚV að yfirfara verklag við gerð veðurkorta.

Við rannsókn málsins kom fram að ökumaðurinn hafði horft á veðurfréttirnar í seinni kvöldfréttatíma á RÚV rétt fyrir slysið. Á veðurkortinu sem sýnt var þar voru gular vindaviðvaranir birtar yfir Suðausturlandi en vindur var birtur sem norðvestan 9 til 10 m/s á hafsvæðinu suður af spásvæðinu. Vindhraðatölur sem birtast á veðurkortinu gefa til kynna spá um vindhraða á þeim stað þar sem þær eru settar. Hins vegar var í vindaspá sem Veðurstofa Íslands gaf út morguninn fyrir slysið fyrir Suðausturland gert ráð fyrir að vindur yrði á bilinu 18 til 25 m/s. Að mati Rannsóknarnefndar samgönguslysa getur þessi framsetning skapað misskilning hjá áhorfendum.

VETTVANGUR BANASLYSA 2023

Banaslysinn árið 2023 dreifðust ekki mikið um landið þar sem þau voru að mestu bundin við suðvesturhornið. Tvö banaslysanna urðu á höfuðborgarsvæðinu og tvö á Vesturlandi. Eitt banaslys varð í Vestmannaeyjum, eitt á Suðurnesjum og tvö banaslys á Suðurlandi.



Mynd 4. Staðsetning banalýsa árið 2023

ERLENT SAMSTARF 2023

Fulltrúar frá rannsóknarnefndum samgönguslysa frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Íslandi og Hollandi hittast árlega þar sem stofnanir bera saman bækur sínar, kynna rannsóknir og læra hver af öðrum. Danir voru gestgjafar árið 2023 og fór fulltrúi nefndarinnar með erindi á þann fund.



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - netfang: RNSA@RNSA.is